

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Aftan við nr. 16 í 9. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi: 16a Sildarkrydd, blandað	1 kg	7	2
2. Nr. 11 í 15. kafla orðast svo: — olívuolía (viðsmjör)	—	2	8
3. Nr. 55 í 28. kafla orðast svo: 55 — ostahleypir og annað enzym	—	7	8
4. Aftan við nr. 13 í 31. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi: 13a — bragðbætandi efni í gosdrykki, ót. a. Ath. Bragðbætandi efni í gosdrykki teljast því aðeins til nr. 13a, að viðtakandi vörunnar reki tollvörugerð, þar sem úr vöru þessari er framleidd vörutegund, sem greitt er af tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði notuð þannig.	—	7	10
5. Í stað nr. 4—6 og 8—13 í 33. kafla koma þrjú nr., svo hljóðandi: Lím og steiningarefni alls konar: 4 — kaseinlím	—	7	30
5 — trélím	—	7	10
6 — annað	—	7	30
6. Við nr. 6a í 34. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ráðuneytinu er heimilt að lækka vörumagnstoll af eldflugum og blysum til slysavarna niður í 2 aura af kg og verðtoll af þeim niður í 2%.			
7. Við nr. 52 í 40. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.			
8. Í stað orðanna „sem vegur 40—75 g/m ² “ í nr. 17 í 44. kafla kemur: sem vegur allt að 100 g/m ² .			
9. Nr. 21a í 44. kafla fellur niður.			
10. Við nr. 2 í 45 kafla kemur svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ráðuneytinu er heimilt að fella að nokkru eða öllu leyti niður aðflutningsgjöld af hljóðfæranótum prentuðum erlendis fyrir íslenska útgefendur, enda sé ekki unnt að inna prentun þeirra af hendi hér á landi.			
11. Nr. 7 í 48. kafla orðast svo: 7 — annað	—	7	5
12. Aftan við nr. 4 í 54. kafla bætist: gúmmisólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór.			
13. Nr. 45, 46 og 51 í 63. kafla orðast svo: 45 Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og því líkar vörur	1 kg	7	15
46 Lásar og lyklar	—	7	15
51 Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ. h.	—	7	15
14. Við nr. 66 í 63. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.			
15. Aftan við nr. 1 í 66. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 1a Gaddavir	—	7	
16. Í stað nr. 25 í 71. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Blaðtín (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja: 25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir til útflutnings			
25a — aðrar	1 kg	7	30
17. Nr. 20 í 72. kafla fellur niður.			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
18. Í stað nr. 27 í 72. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi: Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, graftar og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
27 — skurðgröfur og aðrir kranar	—	2	2
28 — aðrar	—	2	8
19. Nr. 31 í 77. kafla orðast svo:			
31 — aðrar	—	7	8
20. Við athugasemdina við 3 í 79. kafla bætist: og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
21. Í stað nr. 8 í 82. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
8 — þynnur 0.75 mm eða þynnri, einnig áletraðar			2
8a — aðrar þynnur og plötur, einnig áletraðar, stengur, duft og deig, ót. a.	—	7	15
22. Aftan við 3. gr. bætast tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:			
v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af farartækjum fyrir lamað eða bæklað fólk, svo og af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, enda sé þörf þess fyrir þessar vörur sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar.			
x. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af lýsi, sem flutt er inn til þess að bæta íslenskt útflutningslýsi, svo og af lýsi og öðrum fiskafurðum, sem keyptar eru af erlendum fiskiskipum, enda séu sönnur færðar á, að afurðir þessar verði fluttar út aftur og viðskiptamálaráðuneytið mæli með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna.			

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 42 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Fjármálaráðuneytinu hafa borizt ýmsar beiðnir um breytingar á tollskrárlögum. Hefur ráðuneytið tekið upp í frumvarp þetta þær af þessum breytingartilögum, sem því hafa fundizt á rökum reistar. Einnig hefur komið í ljós við framkvæmd laganna, að nauðsynlegt er að breyta nokkrum atriðum, og eru þau tekin upp í frumvarpið. Breytingatillögur þær, sem í frumvarpinu felast, eru sem sagt aðeins leiðréttingar, og um þær allar má segja það, að þær hafa sáralitla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð.

Um einstök atriði þykir ástæða að taka fram það, sem fer hér á eftir:

Um 1. gr.

1. Samkvæmt 3. gr. tollskrárlaganna, eins og þau voru samþykkt 1939, var skylt að endurgreiða aðflutningsgjöld af kryddi, sem notað væri við verkun síldar til útflutnings. Með 4. lið 3. gr. laga nr. 71/1947, um breytingar á tollskrárlögum, sbr. j-lið 3. gr. tollskrárlaganna eins og þau eru nú, var endurgreiðsluskuldunni breytt í endurgreiðsluheimild og var þessu breytt þannig til þess að hægt væri að setja

þau skilyrði fyrir endurgreiðslunum, sem tryggðu það, að þær tækju ekki til annarra vara en þeirra, sem notaðar væru í útflutningsvörur. Nú hafa sildarútflytjendur kvartað yfir því, að þeir þurfi þannig að festa fé í aðflutningsgjöldum af kryddinu, og fyrst þeir eigi á annað borð að fá gjöldin endurgreidd, sé eðlilegast að sleppa gjöldunum þegar við tollafgreiðslu og með því móti megi einnig losna við þá fyrirhöfn, sem sé samfara endurgreiðslubeiðnunum og við að finna þær út. Þar eð blandað sildarkrydd mun aðeins notað við verkun sildar er með tillögunni orðið við hér um ræddri beiðni með því að lagt er til, að blandað sildarkrydd verði í 7 auru vörumagnstolli og 2% verðtolli.

2. Olivuolia er hér á landi mest notuð við niðursuðu fiskjar og þykir því sanngjarn, að verðtollur á henni sé lækkaður og að hann verði sá sami og er á öðrum sams konar iðnaðarolíum úr jurtaríkinu.

3. Farið er fram á að lækkaður sé tollur á enzyminu Maltolysin, sem er notað við ölgerð. Þar eð hér er um að ræða efni til iðnaðar og þar að auki enzym, en slík efni eru aðallega notuð til iðnaðar og yfirleitt alls staðar tolluð á sama hátt og lagt, er lagt til, að orðalaginu á nr. 55 í 28. kafla verði breytt þannig, að það taki til allra enzýma, en ekki aðeins til ostahleypis og að þau verði öll tolluð á sama hátt.

4. Ósykruð bragðefni í gosdrykki teljast nú til 31. kafla tollskrár með 7 auru vörumagnstolli og 40% verðtolli, en séu þau sykruð og flutt inn af gosdrykkjaverksmiðjum, sem nota þau í gosdrykki, teljast þau til nr. 9 í 21. kafla með 7 auru vörumagnstolli og aðeins 10% verðtolli. Þar eð ekki þykir sanngjarn að tolla bragðefni ósykruð hærra en sykruð, og hár framleiðslutollur er á gosdrykkjum, er lagt til, eins og farið fram á af forráðamönnum gosdrykkjaverksmiðjanna, að sams konar ákvæði og er um tilbúna gosdrykkjasaft í nr. 9 í 21 kafla verði tekið upp í 31. kafla um ósykruð bragðefni í gosdrykki, enda er náttúrleg gosdrykkjasaft í nr. 9 í 20. kafla í aðeins 10% verðtolli.

5. Óþarfi er að hafa lím eins sundurliðað og það er í 33. kafla og leiðir slíkt aðeins af sér aukna vinnu við tollskoðun. Lagt er því til, að flokkunin sé gerð einfaldari, en af breytingunni stafar engin teljandi tollabreyting. Breytingin er í samræmi við síðasta tollskrárfrumvarp Evrópustofnunarinnar í Brüssel.

6. Fyrirskipað er, að í skipum séu jafnan eldflugur og blys til notkunar í sjávarháská. Lagt er til, að heimilt verði að tollafgreiða þessar nauðsynjavörur með sömu tollum og björgunartæki, sem teljast til nr. 4 í 41. kafla tollskrár. Hafa þráfallega horizt beiðnir um það.

7. og 14. Frá því að tollskráin gekk í gildi hefur verið óánægja út af því, að skápar undir lækningatæki væru tollaðir í hinum háu tollum, sem eru á húsgögnum. Þar eð sanngjarn þykir, að skápar þessir séu í lægri tollum en venjulegir húsgagnskápar, sérstaklega ef slíkir skápar verða ekki smíðaðir hér á landi, er lagt til, að ráðuneytinu sé heimilt að færa niður verðtollinn á læknskápunum.

8. Fluttur hefur verið inn smjörpappír og pergamentpappír til fiskumbúða þyngri en 75 grömm fermeterinn og til þess að þessi þyngri pappír af þessum tegundum komi í hinn lága toll eftir nr. 17 í 44. kafla, er borin fram breytingartil-laga sú, sem hér um ræðir.

9. og 21. Brezkt fyrirtæki hefur fengið skrásett hér vörumerkið Cellophane og hefur það þess vegna kvartað yfir því, að vörumerkið sé notað í tollskránni. Enda þótt vafasamt sé, að skrásetja hefði átt vörumerki þetta hér vegna ákvæðanna í niðurlagi 1. liðs 1. gr. vörumerkjalaganna og þar sem það var fyrir í tollskránni, hefur ekki þótt ráðlegt að ógilda skrásetninguna fyrst hún hefur á annað borð átt sér stað, enda engin nauðsyn að nota þetta orð í tollskránni og blátt áfram rangt að tala um sellófanpappír, því að hér er ekki um eiginlegan pappír að ræða, þar eð hann er ekki trefjakennður og ekki framleiddur úr trefjakendum efnum, heldur upplausn af sellulósahydrati (viskósa).

Til þess að lagfæra flokkunina og til þess að orðið sellófan hverfi úr toll-

skránni er lagt til, að þess háttar þynnur úr plastefnum, sem að þykkt samfara þeirri vöru, sem gengur undir nafninu sellófanpappír, teljist eftirleiðis til nr. 8 í 82. kafla og að nr. 21a í 44. kafla falli niður. Þá er tekið upp í nr. 8a, sem var áður nr. 8, duft og deig, þar eð hér er um að ræða lítt unnar vörur úr plastefnum eins og plötur og stengur, sem voru fyrir í nr. 8.

Markalínan 0.75 millimetrar, milli þynna og platna er tekin eftir tollskrár-frumvarpi Evróputollstofnunarinnar í Brüssel.

10. Farið hefur verið fram á niðurfellingu aðflutningsgjalda af hljóðfæranótum fyrir ýms meiri háttar tónverk íslenzkra höfunda vegna þess, að ekki hefur verið hægt að prenta nóturnar af þeim hér á landi. Tollur á hljóðfæranótum prentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, er fyrst og fremst til verndar innlendri prentvinnu. Sé ekki hægt að prenta hljóðfæranótturnar hér á landi, þykir sanngjarnt, að slíkar nótur geti orðið tollfrjálsar.

11. Tilgangurinn með lögum nr. 42/1951, um breytingu á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., var sá, að lækka vörumagnstoll á öðru baðmullargarni en tvinna og netjagarni úr 20 aurum í 7 aura af kg og verðtollinn úr 8% í 5%. En fyrir missskilning á bréfi tollstjóra til fjárhagsnefndar neðri deildar, dags. 2. febr. 1951, hefur við breytinguna verið miðað við tollskrárnúmerin á garni, sem telst til 46B. kafla tollskrárinnar, í stað tollskrárnúmeranna á garni í 48. kafla. Þessu til leiðréttingar er tillaga sú, sem hér um ræðir.

12. Af breytingunni leiðir, að strigaskór og aðrir inniskór með gúmmísólum verða tollaðir á sama hátt og sams konar skór með leðursólum. Með niðurfellingu 9. liðs 54. kafla tollskrárinnar, sbr. 26. lið 1. gr. laga nr. 6/1945, var tilætlunin, að strigaskór með gúmmísólum yrðu tollaðir lægra en venjulegir leðurskór. En þar eð ekki þykir ástæða til að tolla strigaskór með gúmmísólum með lægra tolli en strigaskó með leðursólum, enda gerlegt að gera skó þessa hér á landi, er lagt til, að allir strigaskór verði tollaðir á sama hátt, en það leiðir af breytingunni.

13. Lásar og lykklar eru nú í 10% verðtoll, en handföng í 30% verðtoll. Þegar lásar og lykklar koma sér fara þeir í 10% verðtoll, en komi þeir með handföngum í einu verði, eins og oft á sér stað, fara lásarnir og lyklarnir í 30% verðtoll, sbr. 12. gr. tollskrárlaganna. Hefur þannig orðið til tvenns konar verð á lásnum og lykklum og stafar þetta af misháum verðtoll af hliðstæðum vörum. Til þess að bæta úr þessu, er lagt til, að sami tollur verði á þessum hliðstæðu vörum og einnig af lömum, skráum og þess háttar vörum. Lækkunin eftir nr. 51 vinnst upp með hækkunum, sem gert er ráð fyrir að verði í nr. 45 og 46 í 63. kafla.

15. Beiðnir um lækkun á tolli af alúminíumgaddavír hafa borizt víða að. Þar eð hér er um nauðsynjavöru að ræða og hún hefur þann kost fram yfir sams konar vöru úr járn, að hún riðgar ekki, er lagt til, að lækkaður sé tollur á þessari vöru, sem nú telst til nr. 2 í 66. kafla. Gaddavír úr járn telst til 63. kafla 31 með 2 aura vörumagnstoll, en ætlazt er til, að alúminíumvírinn verði með 7 aura vörumagnstoll af kg, þar eð hann er léttari.

16. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur flutt inn áletraðar alúminíumþynnur undir útflutningsfisk og mjólkurbú kaupfélaganna sams konar þynnur undir mysuost og gráðaost. Þar eð sanngjarnt þykir að þessar umbúðir njóti sömu tollhlunninda og aðrar útflutningsumbúðir eftir 44. kafla 17 og 33 og 45. kafla 20a er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir. Markalínan 0.25 millimetrar hefur verið notuð í framkvæmdinni undanfarið, þegar til álita hefur komið, hvort tiltekin vara kæmi undir þynnur í 71. kafla 25 eða undir plötur í köflunum á undan. Er þessari markalínu haldið hér.

17—18. Kranar eru notaðir jöfnum höndum til grafrar, fermingar, affermingar og lyftingar, og þarf yfirleitt ekki annað en að skipta um arma eða tæki fest við þá til þess að nota megi kranana til hvors sem er. Hafi kranar við innflutning aðeins verið með arma eða tæki til skurðgraftar, hafa þeir verið taldir til skurðgrafa í nr. 20 í 72. kafla, en hafi þeir verið með annars konar arma eða hvort

tveggja, hafa þeir verið taldir til véla til bygginga- og mannvirkjagerðar í nr. 27 í 72. kafla. Óánægja hefur skapast út af þessari tvenns konar tollun á sams konar vöru og til þess að bæta úr því, er lagt til, að nr. 20 í 72. kafla verði fellt niður og að í stað nr. 27 í 72. kafla komi tvö ný númer og í öðru þeirra verði skurðgröfur og aðrir kranar með 2 auro vörumagnstoll af kg og 2% verðtoll og í nr. 28, sem fellt var niður með 30. lið laga nr. 49/1950 og notað verður hér að nýju, komi aðrar vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, með 2 auro vörumagnstoll og 8% verðtoll. Verða þá skurðgröfur í sömu tollum og áður og tollarnir á öðrum vélum til bygginga- og mannvirkjagerðar einnig þeir sömu og áður að öðru leyti en því, að allir kranar verða tollaðir á sama hátt og eftir nr. 27.

19. Fram hafa komið kvartanir frá hraðfrystihúsunum um að tollur af vogum til frystihúsanna sé of hár, en þær hafa verið tollaðar eftir nr. 31 í 77. kafla með 30% verðtoll og er farið fram á, að sá tollur verði lækkaður í 8%. Er hér orðið við þeirri beiðni og lagt til, að verðtollurinn á vogum, sem teljast nr. 31 verði lækkaður í 8%. Þó undir lækkunina komi og vogir notaðar til annars en vigtunar á fiski, þykir það ekki ósanngjarnt, þar sem mest af þeim vogum, sem falla undir númerið, eru annað hvort nauðsynleg atvinnutæki eða heimilistæki, en mörg heimilistæki eru einmitt í 8% verðtoll, sbr. nr. 6—8 í 72. kafla og 37—44 í 73. kafla.

20. Kvartað er yfir of háum tollum á hljóðfærum til notkunar við kennslu í skólum. Og þar eð sanngjarnt þykir að lækka toll af hljóðfærum notuðum í þessu skyni, er lagt til, að heimildin í nr. 3 í 79. kafla tollskrárinnar verði rýmkuð þannig, að hún geti einnig tekið til hljóðfæra innfluttra í nefndu skyni.

22v. Þráfaldlega berast ráðuneytinu erindi um lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda af farartækjum fyrir lamað fólk og gervilimum fyrir bæklað fólk. Þar eð tæki þessi eru yfirleitt mjög dýr, þykir sanngjarnt, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir að nokkru eða öllu leyti gjöld af slíkum tækjum.

22x. Flutt hefur verið inn indverskt hákarlalýsi til að bæta vítamíninnihald innlends lýsis og gera það verðmeira. Lagt er til, að ráðuneytinu heimilist að lækka eða fella niður tolla af slíku lýsi. Þá er gert ráð fyrir sams konar heimild um lýsi og aðrar fiskafurðir, sem keyptar yrðu hér af erlendum fiskiskipum, en slík kaup geta stundum verið hagstæð og yrðu oft útilokuð ef greiða á hina háu tolla, sem eru á þessum vörum eftir 2. og 15. kafla tollskrárinnar.